

Annar fundur minjaráðs Suðurnesja var haldinn fimmtudaginn 10. desember 2015 í Eldey, húsnaði frumkvöðlasetursins á Ásbrú.

Fundinn sátu: Eggert S. Jónsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigrún Ásta Jónsdóttir.

Eysteinn Eyjólfsson boðaði forföll.

1. Verkefni tengd menningarminjum og minjasvæðinu á Suðurnesjum.

Kristinn fór lauslega yfir verkefni sem minjavörður Suðurnesja hefur afgreitt á árinu 2015. Í flestum tilfellum er um að ræða umsagnir um skipulags- og umhverfismásmál.

Reykjanes Geopark hefur unnið að gerð og uppsetningu upplýsingaskilta víða á Suðurnesjum. Fornleifar eru á nokkrum þessara staða og hefur Minjastofnun Íslands miðlað upplýsingum og myndefni í þeim tilfellum. Þessir staðir eru Húshólmi, Selatangar, Vigdísarvellir og Eldvörp.

Byggðasafn Reykjanesbæjar og Reykjanesbær vinna að frágangi minja á uppgraftarsvæðinu Vogum í Höfnum. Þar var m.a. rannsakaður skáli sem aldursgreiningar gefa til kynna með nokkurri vissu að er frá 770 – 880 e.Kr. Verkið er unnið í samvinnu við Bjarna F. Einarsson fornleifafræðing og Minjastofnun Íslands.

Í Vogum er unnið að endurgerð Skjaldbreiðar, hlöðu sem hlaðin er úr grjóti. Það er Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar sem stendur fyrir endurgerðinni en félagið hefur einnig gert upp gamla skólahúsið (Norðurkot) og rekur vísi að safni í því.

Í Grindavík er unnið að viðgerðum á verbúðinni Bakka. Minja- og Sögufélag Grindavíkur á húsið og er stefnt að því að þar verði byggðasafn.

Menningarminjadagur Evrópu var að þessu sinni með nokkurð breyttu sniði. Allt sumarið 2015 var nú tileinkað deginu og ólíkum aðilum boðið að kynna sýningar og atburði undir merkjum menningarminjadagsins. Þemað að þessu sinni var „arfur verk- og tæknimeningar“. Saltfisksetrið í Grindavík bauð frítt inn á safnið og lifandi leiðsögn laugardaginn 20. júní. Þekkingarsetrið í Sandgerði stóð fyrir sýningu þar sem settar voru upp ljósmyndir frá byggingu hússins að Garðavegi 1 í Sandgerði og frá 40 ára sögu þess sem frystihúss. Sólseturshátíð var að venju haldin í Byggðasafninu á Garðskaga.

2. Lög um verndarsvæði í byggð.

Kristinn kynnti *Lög um verndarsvæði í byggð* sem tóku gildi síðastliðið sumar. Lögunum er ætlað að stuðla að vernd og varðveilsu byggðar sem hefur sögulegt gildi.

3. Hlutverk minjaráðs og brýnustu verkefni.

Fundarmenn voru sammála um að fara ekki djúpt í þessa umræðu þar sem þrír ráðsmenn voru fjarverandi. Eftirfarandi punktar voru þó nefndir:

- Stungið var upp á að fundum minjaráðs verði fjallað um tiltekið þema. T.d. var nefnt að bjóða mætti fulltrúum sögufélaga á svæðinu á fundi til að kynna starfsemi sína og hugmyndir og til skrafs og ráðagerða.
- Mikilvægt er að fulltrúar í minjaráði séu í góðum tengslum milli funda og miðli upplýsingum sín á milli.

- Mikilvægt er að kynna verkefni á sviði minjavörslu á svæðinu fyrir almenningi og miðla upplýsingum um menningarminjar til fólks.
- Senda þarf sveitarfélögunum á Suðurnesjum fundargerðir minjaráðs til kynningar.
- Í mars á hverju ári er haldin safnahelgi á Suðurnesjum. Fram kom hugmynd um að tengja kynningu á minjum í umhverfinu við dagskrá helgarinnar, t.d. með fyrirlestrum á söfunum um fornleifar og fornleifaskráningu.

KM